

Tillögur stjórnar til aðalfundar Reita fasteignafélags hf. 2. apríl 2025

1. Ársreikningur 2024

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að ársreikningur fyrir árið 2024 verði samþykktur.

2. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu starfsári

Stjórn leggur til við aðalfund að arður verði greiddur til hluthafa að fjárhæð 2,20 kr. fyrir hverja krónu nafnverðs útistandandi hlutafjár í félaginu vegna rekstrarársins 2024 eða um 1.533 milljónir króna.

Munu hlutabréf, sem skipta um hendur frá og með 3. apríl 2025, verða án arðsréttinda (arðleysisdagur) og réttur hluthafa til arðgreiðslu verður miðaður við hlutaskrá félagsins í lok viðskipta þann 4. apríl 2025 (arðsviðmiðunardagur). Arður verður greiddur þann 30. apríl 2025 (arðgreiðsludagur).

Jafnframt er lagt til að arður að fjárhæð 1,50 fyrir hverja krónu nafnverðs útistandandi hlutafjár verði greiddur til hluthafa í lok september. Munu hlutabréf, sem skipta um hendur frá og með 22. september 2025, verða án arðsréttinda (arðleysisdagur) og réttur hluthafa til arðgreiðslu verður miðaður við hlutaskrá félagsins í lok viðskipta þann 23. september 2025 (arðsviðmiðunardagur). Sú arðgreiðsla verður greidd þann 30. september 2025 (arðgreiðsludagur).

Tillit verði tekið til þeirrar greiðslu við ákvörðun arðgreiðslu skv. viðmiði um ráðstöfun verðmæta til hluthafa á aðalfundi 2026. Vísað er að öðru leyti til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Greinargerð stjórnar um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu starfsári

Stefna félagsins um ráðstöfun verðmæta til hluthafa miðar við að hluthöfum sé skilað a.m.k. þriðjungji af rekstrarhagnaði ársins annað hvort í formi arðgreiðslna eða með kaupum á eigin bréfum.

Sú regla hefur mótast við mat á ráðstöfun skv. stefnunni að telja með ráðstöfun ársins þá hluti sem keyptir eru milli aðalfunda. Miðað er við það tímamark þegar boðað er til fundanna. Frá 13. febrúar 2024 og fram til 28. febrúar 2025 voru keyptir 25.000.000 hlutir í félaginu fyrir tæpar 2.147 m.kr. skv. endurkaupaáætlunum sem í gildi voru á því tímabili.

Tillaga um greiðslu arðs að fjárhæð 2,20 kr. á hverja krónu nafnverðs útistandandi hlutafjár í félaginu svarar til arðgreiðslu að fjárhæð 1.533 m.kr., miðað við stöðu á útistandandi hlutafé í dag. Leiðir sú fjárhæð til þess að samtals verður ráðstafað til hluthafa á árinu 3.680 m.kr. eða sem svarar til 33,5% af rekstrarhagnaði ársins.

Stjórn Reita hefur skynjað vaxandi áhuga hluthafa á að arðgreiðsludögum verði fjölgað og að hlutfall arðgreiðslna á móti endurkaupum verði aukið heldur frá því sem verið hefur. Því er lagt

til að greiddur verði arður í lok september sem svarar til 1,50 fyrir hverja krónu nafnverðs útistandandi hlutafjár.

Áætlanir félagsins miða við að rekstrarhagnaður ársins 2025 nemi 11.750–12.050 milljónum króna. Samkvæmt því er þess vænst að ráðstöfun til hluthafa nemi að minnsta kosti 3,9 milljörðum króna. Sé miðað við sambærilega arðgreiðslu í kjölfar aðalfundar 2026 og greidd verður á haustdögum stendur eftir tæpur helmingur þess fjár sem ráðstafa skal til hluthafa með endurkaupum eigin hlutabréfa eða frekari arðgreiðslu.

Stjórn félagsins telur rekstur og efnahag þess það stöðugan að áhættulítið sé að taka upp það fyrirkomulag á arðgreiðslum sem hér er miðað við og sem tryggir hluthöfum jafnara tekjuflæði af hlutafjáreign sinni en verið hefur. Er þá horft til þess að eftirleiðis verði á aðalfundi ár hvert veitt leiðsögn um það hvers hluthafar megi að lágmarki vænta um arðgreiðslur næstu tólf mánuðina.

Stjórn félagsins hefur í hyggju að endurnýja endurkaupaáætlun í kjölfar aðalfundar og er því leitað eftir heimild fundarins þar að lútandi sbr. tillögu nr. 4a. Heimildarinnar er leitað í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt, og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, sem framkvæmd getur verið með þeim hætti að keypt séu eigin bréf í skipulagðri endurkaupaáætlun, eða í endurkaupum utan skipulagðrar áætlunar með öfugu tilboðsfyrirkomulagi.

3. Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin bréfum

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin bréfum verði samþykkt:

„Aðalfundur Reita fasteignafélags hf. samþykkir að neyta heimildar 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og veita stjórn félagsins heimild til þess að kaupa fyrir félagsins hönd, allt að 10% af eigin bréfum félagsins.

Er heimild þessi annars vegar veitt í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt, og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014, sem og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2016/1052, samanber lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

Skal gengi hluta ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra.

Heimild þessi gildi í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Heimildar þessarar skal getið í viðauka við samþykktir félagsins og verður þannig hluti af samþykktum þess. Komi sá viðauki í stað þess sem nú er við samþykktirnar.“

4. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að eftirfarandi tillaga um lækkun á hlutafé þess verði samþykkt:

„Aðalfundur Reita fasteignafélags hf. samþykkir að hlutafé félagsins verði lækkað um 14.550.000 kr. að nafnvirði, eða sem nemur 14.550.000 hlutum, til jöfnunar eigin hluta. Lækkunin tekur til eigin hluta félagsins sem það eignaðist með kaupum á árinu 2024 og 2025 í samræmi

við endurkaupaáætlanir stjórnar sem aðalfundur félagsins árið 2024 veitti heimild fyrir. Hlutfjártala 4. gr. samþykkt félagsins skal taka breytingum í samræmi við niðurfærslu hlutfjár, og mun þannig lækka úr 711.550.000 kr. í 697.000.000 kr. Lækkunin verður framkvæmd þegar lögmælt skilyrði eru uppfyllt.“

Af samþykkt framangreindrar tillögu leiðir að fyrsta efnisgrein 4. gr. samþykkt félagsins muni hljóða þannig:

„Hlutfé félagsins er 697.000.000 kr. — sex hundruð níutíu og sjö milljónir króna. Hver hlutur er að fjárhæð 1 kr. – ein króna – að nafnvirði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Hlutir skulu hljóða á nafn.“

5. Tillaga um breytingu á stefnu um fjárhagsleg markmið og ráðstöfun verðmæta til hluthafa

Stjórn félagsins leggur til að ný efnisgrein bætist við 4. gr. stefnu félagsins um fjárhagsleg markmið og ráðstöfun verðmæta til hluthafa:

„Að jafnaði skal við það miðað að arður sé greiddur til hluthafa tvisvar á ári. Annars vegar í kjölfar aðalfundar svo náð sé markmiði um ráðstöfun rekstrarhagnaðar til hluthafa vegna liðins rekstrarárs og innan sex mánaða frá aðalfundi, fjárhæð sem svari til allt að 10% áætlaðs rekstrarhagnaðar yfirstandandi rekstrarárs.“

6. Tillaga um breytingu á samþykktum

Breytingar á 4. gr.

Af samþykkt tillögu um lækkun hlutfjár leiðir að fyrsta efnisgrein 4. gr. samþykkt félagsins muni hljóða þannig:

„Hlutfé félagsins er 697.000.000 kr. — sex hundruð níutíu og sjö milljónir króna. Hver hlutur er að fjárhæð 1 kr. – ein króna – að nafnvirði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Hlutir skulu hljóða á nafn.“

Breytingar á 1. mgr. 6. gr.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 1. mgr. 6. gr. samþykkt félagsins til að uppfæra tilvísun í gildandi löggjöf.

Breytingin er nauðsynleg þar sem lög nr. 7/2020 tóku við af lögum nr. 131/1997, auk þess sem heiti laganna var breytt. Tilvísun í samþykktum félagsins verður því að uppfæra til að ákvæðið sé í samræmi við gildandi löggjöf.

Að breytingartillögu samþykktri hljóði 1. mgr. 6. gr. þannig:

„Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Hlutaskrá skal vera aðgengileg hluthöfum. Þar skulu koma fram upplýsingar um hluthafa félagsins og hlutfjáreign þeirra.“

Breytingar á 15. gr.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 15. gr. samþykkt félagsins, sem kveður á um þau málefni sem skulu tekin fyrir á aðalfundi.

Með frumvarpi sem varð að lögum nr. 6/2024 um breytingu á lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum um ársreikninga (endurskoðunarnefndir, siðareglur, sektarákvæði o.fl.), var gerð breyting á 108. gr. a laga um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum. Breytingin felur í sér að ef nefndarmaður í endurskoðunarnefnd er utanaðkomandi aðili skal hann tilnefndur af aðalfundi.

Til að samræma samþykktir félagsins gildandi löggjöf er nauðsynlegt að bæta við nýjum lið í dagskrá aðalfundar, ef við á. Breytingin er í samræmi við lög og krefst því ekki frekari skýringa.

Að breytingartillögu samþykktri hljóði 15. gr. þannig:

„Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn skýrir frá rekstri félags og hag þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram til staðfestingar ásamt athugasemdum endurskoðanda, ef einhverjar eru.
3. Tekin skal ákvörðun um hvernig skal fara með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins skal lögð fram til staðfestingar.
5. Tillaga stjórnar um skipun nefndarmanna í tilnefningarnefnd skal lögð fram til staðfestingar.
6. Tillaga stjórnar um kosningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.
7. Stjórn skal kjörin og endurskoðandi eða endurskoðunarfélag.
8. Ákvörðun skal tekin um laun stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir komandi starfsár.
9. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.“

7. Tillaga um breytingar á starfskjarastefnu félagsins

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að samþykkja uppfærða starfskjarastefnu félagsins. Breytingar eru lagðar til á sjö ákvæðum stefnunnar og eru þær merktar á því eintaki starfskjarastefnunnar sem fylgir með tillögum þessum sem fylgiskjal.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 2. mgr. 1. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að starfskjör taki einnig mið af jafnréttisáherslum félagsins. Málsgreinin mun þannig hljóða eftir breytingu:

„Markmið starfskjarastefnu félagsins er að tryggja að það geti á hverjum tíma boðið stjórnendum og öðru starfsfólki samkeppnishæf kjör og starfsumhverfi á við það sem býðst í hliðstæðum störfum hér á landi þannig að starfskjör séu hvetjandi, taki mið af jafnréttisáherslum félagsins og styðji við rekstrar- og þjónustumarkmið félagsins þess hverju sinni og að eðlilegt samræmi sé í launasetningu þess. Starfskjarastefnunni er ætlað að treysta langtímahagsmuni eigenda félagsins, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila með skipulegum, einföldum og gagnsæjum hætti.“

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 1. mgr. 2. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að starfskjaranefnd sé einnig ráðgefandi um framkvæmd

starfskjarastefnunnar. Þá er lagt til að nefndin sé óháð félaginu. Málsgreinin mun þannig hljóða eftir breytingu:

„Á vettvangi stjórnar starfar undirnefnd, starfskjaranefnd, sem skal vera stjórn og forstjóra ráðgefandi um starfskjör æðstu stjórnenda félagsins og um framkvæmd starfskjarastefnunnar. Nefndarmenn skulu óháðir félaginu.“

Þá leggur stjórn til við aðalfund félagsins að samþykkt verði einnig breyting á 3. mgr. 2. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að nýtt hlutverk nefndarinnar verði að fylgjast með framkvæmd nýs kaupaukakerfis félagsins og leggja mat á árangur starfsmanna því tengdu. Málsgreinin mun þannig hljóða eftir breytingu:

„Nefndin skal fylgjast með því að starfskjör æðstu stjórnenda félagsins séu innan þess ramma sem starfskjarastefnan setur og skal hún gefa um það skýrslu til stjórnar félagsins í undanfara aðalfundar ár hvert. Þá skal nefndin fylgjast með framkvæmd kaupaukakerfis félagsins og leggja mat á árangur starfsmanna því tengdu. Nefndin skal ennfremur árlega gera tillögu til stjórnar um endurskoðun starfskjarastefnu.“

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 1. mgr. 3. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að heiti 3. greinarinnar breytist úr „Starfskjör stjórnarmanna“ í „Starfskjör stjórnarmanna og nefndarmanna“, sem tryggir að ákvæðið nái einnig til nefndarmanna. Þá er kveðið á um að stjórn leggi fram tillögu um stjórnarlaun að fengnum tillögum starfskjaranefndar til aðalfundar. Að lokum er viðbót sem kveður á um að við ákvörðun stjórnarlauna skuli líta til almennrar launaþróunar skv. opinberum gögnum frá fyrra ári. Málsgreinin mun þannig hljóða eftir breytingu:

„Stjórnarmenn skulu fá greidda fasta þóknun fyrir störf sín. Þóknun stjórnarmanna skal ákveða á aðalfundi ár hvert. Gerir stjórnin að fengnum tillögum starfskjaranefndar tillögu til aðalfundar um stjórnarlaun fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þeim tíma sem varið er til stjórnarstarfa og greiðslum fyrir stjórnarstörf í öðrum kauphallarskráðum félögum. Þá skal hliðsjón höfð af almennri launaþróun sem orðið hefur frá fyrra ári skv. opinberum gögnum þar um.“

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 2. mgr. 4. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að við mat á endurskoðun starfskjara forstjóra skal fullt tillit tekið til kaupaukakerfis félagsins sem og gildandi stöðu kaupréttarsamninga. Málsgreinin mun þannig hljóða eftir breytingu:

„Árlega skal endurskoða starfskjör forstjóra og skal starfskjaranefnd við þá endurskoðun líta til launaþróunar í áþekktum störfum, framlags forstjóra sem og árangurs félagsins og afkomu. Við matið skal fullt tillit tekið til kaupaukakerfis félagsins sem og gildandi kaupréttarsamninga.“

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 1. mgr. 5. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að allir starfsmenn geti þegið árangurstengdar greiðslur umfram föst mánaðarlaun, komi til slíkra greiðslna. Greinin mun þannig hljóða í heild eftir breytingu:

„Forstjóri ræður framkvæmdastjóra félagsins og semur um starfskjör þeirra. Starfskjör annarra starfsmanna skulu á sama hátt og starfskjör forstjóra tilgreind í skriflegum ráðningarsamningum og vera samkeppnishæf á markaði og samræmast áherslum stjórnar um framkvæmd starfskjarastefnunnar. Allir starfsmenn félagsins eru á föstum mánaðarlegum launum, sbr. þó gr. 6, og þiggja ekki aðrar greiðslur, nema um slíkt sé samið sérstaklega.“

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 6. gr. starfskjarastefnu félagsins. Breytingin gerir gleggri grein fyrir uppbyggingu og virkni kaupaukakerfis félagsins en einnig til að draga fram að félagið hefur samþykkt kaupréttaráætlun sem heimilar útgáfu kaupréttarsamninga til handa stjórnendum þess. Jafnframt er bætt við ákvæði um endurgreiðslu kaupauka ef greiðslan hefur byggst á efnislega röngum upplýsingum. Að auki er kveðið á um heimild stjórnar til að veita forstjóra, æðstu stjórnendum og lykilstarfsmönnum kauprétti að hlutabréfum, í samræmi við kaupréttaráætlun sem samþykkt var á síðasta hluthafafundi. Greinin mun þannig hljóða í heild eftir breytingu:

„Félagið telur mikilvægt að launakjör stjórnenda og lykilstarfsmanna ráðist að merkjanlegum hluta af árlegum rekstrarárangri þess sem og árangri í fylgni við áætlanir þess til lengri tíma, þannig að skammtíma- og langtímahagsmunir stjórnenda og eigenda séu samtvinnaðir um sameiginleg markmið. Í því skyni hafa hluthafar samþykkt heimildir til stjórnar félagsins til að umbuna starfsmönnum með árangurstengdum greiðslum til viðbótar föstum launum, kaupauka, og jafnframt heimild til að bjóða stjórnendum kauprétt að hlutabréfum félagsins skv. sérstakri áætlun þar um.

6.1. Kaupaukar

Stjórn félagsins getur að fengnum tillögum starfskjaranefndar og forstjóra í tengslum við samþykki rekstraráætlunar samþykkt ramma fyrir árangurstengdar greiðslur til stjórnenda og starfsmanna fyrir komandi rekstrarár, kaupaukaáætlun. Þar skulu koma fram þau viðmið sem greiðslunum eru sett sem og árangursmarkmið sem þeim er ætlað að styðja við. Stjórn getur endurskoðað áætlunina innan ársins ef tilefni er til. Hámark árangurstengdra greiðslna stjórnenda á hverju rekstrarári skal ekki fara umfram þriggja mánaða grunnlaun og ekki umfram 15% af heildarlaunagreiðslum. Kaupauki greiðist aðeins að því marki sem settum markmiðum skv. kaupaukaáætlun er náð.

Kaupaukaáætlun skal byggja á fyrirfram skilgreindum og mælanlegum markmiðum um árangur í rekstri félagsins, bæði fjárhagslegum og rekstrarlegum, sem lúti að framvindu einstakra verkefna eða ferla og horfi bæði til rekstrarárangurs félagsins í heild sem og þeirra þátta sem hlutaðeigandi stjórnendur hafa mest áhrif á. Árangursviðmið skulu við það miðuð að áætlanir félagsins gangi eftir, bæði til lengri og skemmri tíma. Markmiðin skulu m.a. endurspegla áherslur félagsins á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. Heimilt er að líta til þróunar markaðsverðs hlutabréfa félagsins við mat á rekstrarárangri þess. Samhliða samþykkt kaupaukaáætlunar og með stoð í henni skal stjórn setja forstjóra nánar tilgreind árangursmarkmið. Á sama hátt setur forstjóri stjórnendum og öðrum lykilstarfsmönnum mælanleg einstaklingsbundin markmið, sem ætlað er að styðja við áherslur rekstraráætlunar og langtímamarkmið félagsins innan þess ramma sem áhættustefna þess setur. Sett markmið eru felld inn í matskerfi kaupaukakerfisins:

Gildandi kaupaukakerfi er ætlað að styðja við framgang langtímastefnu félagsins sem skilgreind var 2024 og þau lykilmarkmið sem hún byggir á.

Grunnþættir stefnunnar eru:

- Vöxtur og arðsemi
- Þróun og nýjir eignaflokkar
- Sjálfbærni
- Framúrskarandi rekstur

Kaupaukakerfi lykilstjórnenda er byggt upp á þremur meginþáttum:

1. Einstaklingsmarkmið (60–80% vægi). Einstaklingsmarkmið innihalda þá þætti sem hver lykilstarfsmaður er ábyrgur fyrir framgangi og árangri af og sett eru í ársbyrjun af forstjóra. Þessi markmið sem sett eru fyrir árið, eru studd af ársfjórðungslegum framgangsmælingum. Einstaklingsmarkmið taka ekki einvörðungu til framgangs ákveðinna verkefna heldur einnig leiðtogahæfni, frumkvæði og breiðari ábyrgðar innar fyrirtækisins.
2. Sameiginleg langtímamarkmið (15–30%). Öll vinna sem snýr að framgangi 5 ára stefnu fyrirtækisins er skipulögð með OKR (Objective, Key Results) markmiðasetningu og bera lykilstarfsmenn ábyrgð á einstökum verkefnum og þáttum þeirra. Framlag og árangur á þessum verkefnum er metin mánaðarlega og er grunnþáttur í kaupaukakerfinu sem krefst samvinnu milli deilda og sviða.
3. Hlutabréfaþróun (<=10%). Til að tengja hagsmuni starfsmanna við hluthafa er hluti kaupakerfisins tengdur við þróun hlutabréfaverðs. Þessi mælikvarði tekur til beinnar þróunar hlutabréfaverðs Reita og hlutfallslegs árangurs miðað við hliðstæð fyrirtæki.

Samtala ofangreindra matsþátta er vegin með stuðli sem tekur mið af rauntölum rekstrahagnaðar EBIDTA miðað við tiltekið markmið sem grunn á í rekstraráætlun félagsins. Niðurstaðan segir til um hlutfall kaupauka viðkomandi af mögulegu hámarki.

Kaupaukar skv. framanskráðu miðast við föst mánaðarlaun viðkomandi stjórnenda, án hlunninda í lok viðkomandi rekstrarárs og greiðast út í kjölfar þess að reikningur félagsins hefur verið samþykktur af stjórn þess. Félagið áskilur sér rétt til að endurkrefja móttakendur um greidda kaupauka næstu 12 mánuði eftir greiðslu, að því marki sem þeir kunna að hafa verið ofgreiddir á grundvelli efnislega rangra upplýsinga.

6.2 Kaupréttir stjórnenda og lykilstarfsmanna

Stjórn félagsins er heimilt að veita forstjóra, æðstu stjórnendum og lykilstarfsmönnum innan samstæðu félagsins kauprétti á hlutabréfum í félaginu í samræmi við sérstaka kaupréttaráætlun, sem samþykkt var á hluthafafund félagsins 16. október 2024.

Áður en stjórn samþykkir tillögur um marktækar breytingar á gildandi kaupréttaráætlun eða um mótun annars hvatakerfis sem er ætlað að tengja langímahagsmuni stjórnenda og eigenda skal leita samþykkis hluthafafundar fyrir þeim megináherslum sem í tillögunum felast.“

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 8. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að heiti 8. greinarinnar breytist úr „Upplýsingagjöf“ í „Framkvæmd starfskjarastefnu og upplýsingagjöf“. Þá felur breytingin jafnframt í sér aukið gagnsæi með árlegri skýrslu um framkvæmd stefnunnar.

„Starfskjaranefnd skal vinna skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu félagsins fyrir næstliðið fjárhagsár og leggja hana fyrir stjórn til umfjöllunar og samþykktar samhliða afgreiðslu ársreiknings.

Í skýrslunni skal gerð grein fyrir þróun launakostnaðar félagsins, samhengi við tekjumyndun þess og hvernig þróunin samræmist áætlunum og stefnu félagsins. Gerð skal grein fyrir meginþáttum launakerfis félagsins.

Í skýrslunni skal veitt yfirlit yfir allar greiðslur launa, hvers kyns kaupauka og hlunninda til stjórnarmanna, nefndarmanna, æðstu stjórnenda og lykilstarfsmanna innan samstæðu félagsins. Þar skulu meðal annars koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a. Heildargreiðslur ásamt sundurliðun eftir tegund greiðslna, með skýringum á forsendum þeirra, í samræmi við starfskjarastefnu félagsins og árangurstengd viðmið.
- b. Greiðslur frá öðrum félögum innan samstæðu félagsins, hafi slíkar greiðslur átt sér stað.
- c. Upplýsingar um greiðslur tengdar hlutabréfaverði félagsins, ef við á, svo sem kauprétti, skilmála þeirra og breytingar á milli ára.
- d. Upplýsingar um frávík frá starfskjarastefnunni, ef við á, ásamt rökstuðningi fyrir þeim og hvernig þau falla að markmiðum stefnunnar.

Stjórn félagsins skal birta skýrsluna eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, kynna efni hennar á fundinum og leggja hana fyrir hluthafa til staðfestingar. Jafnframt skal skýrslan birt á heimasíðu félagsins.

Við gerð skýrslunnar skal starfskjaranefnd fylgja ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.“

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 9. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að bætt verði við tveimur nýjum málsgreinum. Annars vegar að starfskjarastefnan verði bindandi fyrir stjórn félagsins hvað varðar kaupréttarsamninga og greiðslur sem fylgja þróun hlutabréfaverðs og hins vegar að kveðið verði á um skyldu til að birta stefnuna á heimasíðu félagsins á meðan hún er í gildi. Greinin mun þannig hljóða í heild eftir breytingu:

„Starfskjarastefna Reita fasteignafélags hf. er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess mæli lög ekki fyrir um annað. Hún tekur í aðalatriðum til þeirra þátta sem nefndir eru hér að ofan. Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins með eða án breytinga.

Starfskjarastefnan er bindandi fyrir stjórn félagsins er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 3. mgr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hafi verið vikið frá starfskjarastefnunni í veigamiklum atriðum skal stjórn félagsins færa slík frávík til bókar í fundargerðarbók ásamt rökstuðningi. Skal og gera næsta aðalfundi grein fyrir slíkum frávikum.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins meðan stefnan er í gildi.“

Greinargerð stjórnar með tillögu um breytingu á starfskjarastefnu Reita:

Allar tillögur stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu félagsins eiga það sammerkt að skýra framsetningu og viðmið sem félaginu er ætlað að leggja til grundvallar við framkvæmd stefnunnar.

Grunnhugmynd starfskjarastefnunnar er að félagið geti á hverjum tíma boðið stjórnendum og öðru starfsfólki samkeppnishæf laun og starfskjör, sambærileg þeim sem býðst í hliðstæðum störfum. Þetta er tryggt annars vegar með föstum launum og hins vegar með árangurstengdum greiðslum, þar sem hagsmunir starfsmanna og hluthafa fléttast saman.

Breytingar á 2. mgr. 1. gr.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 2. mgr. 1. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að starfskjör taki einnig mið af jafnréttisáherslum félagsins.

Breytingin felur í sér að sérstaklega verði tekið fram í starfskjarastefnu félagsins að starfskjör endurspegli jafnréttisáherslur þess. Þessi breyting er í samræmi við núverandi framkvæmd félagsins, lög, góða stjórnarhætti og alþjóðleg viðmið um jafnrétti. Jafnréttisáherslur félagsins koma fram víða, bæði í daglegri starfsemi og öðrum stefnum þess. Því er nauðsynlegt að kveðið sé sérstaklega á um í starfskjarastefnunni að jafnrétti verði haft að leiðarljósi við ákvörðun starfskjara. Með formfestingu á þessu dregur félagið úr hættu á launamisrétti og styður jafnframt við jákvæða ímynd sína sem er sífellt mikilvægari þáttur í mati fjárfesta og hagsmunaaðila.

Breytingar á 1. mgr. 2. gr.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 1. mgr. 2. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að starfskjaranefnd sé einnig ráðgefandi um framkvæmd starfskjarastefnunnar. Þá er lagt til að nefndin sé óháð félaginu.

Breytingin eykur gagnsæi og trúverðugleika í launaákvörðunum með því að tryggja að starfskjaranefnd sé bæði ráðgefandi um framkvæmd starfskjarastefnunnar og óháð félaginu. Með því að fela nefndinni ráðgefandi hlutverk um framkvæmd stefnunnar er dregið úr óhættu á frávikum frá samþykktri stefnu og stuðlað að samræmdri og sanngjarnri launasetningu. Óháð staða nefndarmanna eykur hlutleysi í ákvörðunum og tryggir að starfskjör stjórnenda séu byggð á faglegum og hlutlægum forsendum, án innri hagsmunaáhrifa. Þetta styrkir góða stjórnarhætti, stuðlar að ábyrgari starfskjarastefnu og eykur traust meðal hluthafa og annarra hagsmunaaðila.

Breytingar á 3. mgr. 2. gr.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði einnig breyting á 3. mgr. 2. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að nýtt hlutverk nefndarinnar verði að fylgjast með framkvæmd nýs kaupaukakerfis félagsins og leggja mat á árangur starfsmanna því tengdu.

Með breytingunni verður hlutverk starfskjaranefndar uppfært þannig að hún hafi eftirlit með framkvæmd nýs kaupaukakerfis og leggi mat á árangur starfsmanna í samræmi við það. Þar sem nýtt kaupaukakerfi hefur verið innleitt í félaginu er nauðsynlegt að tryggja faglegt eftirlit með framkvæmd þess.

Með breytingunni verður nefndinni formlega falin sú ábyrgð að fylgjast með kerfinu, greina áhrif þess og leggja mat á árangur starfsmanna út frá settum markmiðum. Með því verður tryggt að kaupaukakerfið styðji hagsmuni hluthafa og hvetji starfsmenn til að ná árangri í starfi.

Breytingar á 1. mgr. 3. gr.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 1. mgr. 3. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að heiti 3. greinarinnar breytist úr „Starfskjör stjórnarmanna“ í „Starfskjör stjórnarmanna og nefndarmanna“, sem tryggir að ákvæðið nái einnig til nefndarmanna. Þá er kveðið á um að stjórn leggi fram tillögu um stjórnarlaun að fengnum tillögum starfskjaranefndar til aðalfundar. Að lokum er viðbót sem kveður á um að við ákvörðun stjórnarlauna skuli líta til almennrar launaþróunar skv. opinberum gögnum frá fyrra ári.

Breytingarnar stuðla að skýrara ferli við launaákvæðanir, þar sem hlutlægni og fagmennska eru í forgrunni. Þar sem nefndin er óháð félaginu, er tryggt að ákvæðanir séu teknar á faglegum grunni. Með því að veita starfskjaranefnd ráðgjafahlutverk dregur úr hættu á óskýrri ákvæðanatöku og eykst gagnsæi í launasetningu. Tengingin við opinber gögn um launaþróun tryggir að ákvæðanir um stjórnarlaun séu sanngjarnar og í takt við þróun á vinnumarkaði. Við það hefur í höfuðdráttum verið miðað, en eðlilegra þykir að hafa það viðmið fest í texta. Þessar breytingar styðja við góða stjórnarhætti og styrkja trúverðugleika félagsins gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Breytingar á 2. mgr. 4. gr.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 2. mgr. 4. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að við mat á endurskoðun starfskjara forstjóra skal fullt tillit tekið til kaupaukakerfis félagsins sem og gildandi stöðu kaupréttarsamninga.

Breytingin felur í sér að skýrt verði kveðið á um að við árlega endurskoðun starfskjara forstjóra skuli tekið fullt tillit til kaupaukakerfis félagsins og gildandi kaupréttarsamninga samkvæmt 6. gr. stefnunnar. Er þetta í samræmi við yfirlýsingar sem gefnar voru af stjórn við samþykkt hluthafafundar á tillögu um kaupréttarkerfi félagsins þann 16. október 2024. Ákvæðið á með sama hætti við um endurskoðun starfskjara annarra stjórnenda félagsins eftir því sem við á.

Með því að færa þetta viðmið í texta er tryggt að launasetning og umbun forstjóra séu metin í samhengi við þá hvata sem hann hefur þegar fengið, svo sem bónusa eða kauprétti á hlutabréfum. Með því að taka fullt tillit til kaupaukakerfisins og kaupréttarsamninga er tryggt að umbun forstjóra sé í samræmi við fyrirliggjandi kerfi og rekstrarárangur félagsins. Þetta tryggir heildstætt mat á starfskjörum og stuðlar að ábyrgari og gagnsærri ákvæðanatöku. Breytingin eykur gagnsæi og styður við ábyrga stjórnarhætti í þágu hluthafa og annarra hagsmunaaðila.

Breyting á 1. mgr. 5. gr.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði orðalagsbreyting á 1. mgr. 5. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að allir starfsmenn geti þegið árangurstengdar greiðslur umfram föst mánaðarlaun, komi til slíkra greiðslna.

Breyting þarfnast ekki frekari skýringa.

Breytingar á 6. gr.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 6. gr. starfskjarastefnu félagsins. Breytingin gerir gleggri grein fyrir uppbyggingu og virkni kaupaukakerfis félagsins en

einnig til að draga fram að félagið hefur samþykkt kaupréttaráætlun sem heimilar útgáfu kaupréttarsamninga til handa stjórnendum þess. Jafnframt er bætt við ákvæði um endurgreiðslu kaupauka ef greiðslan hefur byggst á efnislega röngum upplýsingum. Að auki er kveðið á um heimild stjórnar til að veita forstjóra, æðstu stjórnendum og lykilstarfsmönnum kauprétti að hlutabréfum, í samræmi við kaupréttaráætlun sem samþykkt var á síðasta hluthafafundi.

Breytingin miðar að því að skýra ramma, viðmið og gagnsæi árangurstengdra greiðslna enn frekar með innleiðingu greinargóðra, fyrirfram skilgreindra og mælanlegra árangursviðmiða í starfskjarastefnunni sjálfri. Bæði kaupaukakerfið og kaupréttur á hlutabréfum er ætlað að styðja við framgang áætlana félagsins, bæði til lengri og skemmri tíma.

Með þessari framsetningu er veitt skýr innsýn í uppbyggingu kaupaukakerfisins, sem eykur gagnsæi fyrir bæði stjórnendur og hluthafa og styrkir traust á starfskjarastefnu félagsins. Kaupaukaáætlun félagsins tekur til allra starfsmanna þess, en umfangið er mismunandi með hámarksgræiðslum sem svara til eins til þriggja mánaða föstum launum. Heildarumfangi kerfisins eru sett efri mörk við 15% af heildarlaunagreiðslum félagsins. Kaupréttaráætlun er sett til árs í senn og með fyrirfram skilgreindum mælanlegum markmiðum um árangur í rekstri, bæði fjárhagsleg og rekstrarleg, sem bæði lúta að framvindu einstakra verkefna og ferla sem og rekstrarárangurs félagsins í heild. Á grunni þeirra viðmiða setur forstjóri einstökum stjórnendum persónubundin markmið eins og nánar er lýst í greininni. Framvinda miðað við árangursmarkmið er metin með reglubundnum hætti. Heildarþónusgræiðslur ársins 2024 námu um 9% af heildarlaunagreiðslum starfsmanna. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið skýrlega á um við hvaða launagrunn kaupaukinn miðast, þ.e. föst laun viðkomandi í lok rekstrarársins. Kaupauki greiðist í kjölfar þess að stjórn samþykkir reikninga félagsins en greiðist með fyrirvara um mögulega endurkröfu næstu 12 mánuði, ef í ljós kemur að kaupauki hefur verið greiddur á grunni rangra upplýsinga og þá að því marki sem villunni nemur.

Með þessum breytingum verður umbun stjórnenda skýrari, sanngjarnari og betur í takt við stefnu félagsins og langtímahagsmuni hluthafa. Vel skilgreint fyrirkomulag árangurstengdra greiðslna í starfskjarastefnu styður þannig við góða stjórnarhætti, ábyrga fjárstýringu og eykur traust hluthafa til launastefnu félagsins.

Breytingar á 8. gr.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 8. gr. þannig að heiti greinarinnar breytist úr „Upplýsingagjöf“ í „Framkvæmd starfskjarastefnu og upplýsingagjöf“. Breytingin felur í sér aukið gagnsæi með árlegri skýrslu um framkvæmd stefnunnar.

Í stað einfaldra upplýsinga um heildarlaun stjórnarmanna og forstjóra er nú kveðið á um að starfskjaranefnd skili árlega skýrslu um framkvæmd stefnunnar. Skýrslan mun veita yfirlit yfir þróun launakostnaðar og hvernig hann samræmist stefnu félagsins.

Sundurliðun greiðslna til stjórnarmanna, nefndarmanna, æðstu stjórnenda og lykilstarfsmanna mun tryggja skýrari mynd af launakerfinu, þar á meðal greiðslum frá öðrum félögum innan samstæðunnar, hlutabréfatengdum greiðslum og mögulegum frávikum frá starfskjarastefnunni. Með þessu er tryggt að umbun stjórnenda sé í samræmi við markmið félagsins og að hluthafar hafi skýrar og greinargóðar upplýsingar um starfskjör hlutaðeigandi aðila.

Til að stuðla að gagnsæi verður skýrslan birt tveimur vikum fyrir aðalfund og lögð fyrir hluthafa til staðfestingar, sem tryggir þeim nægan tíma til að kynna sér efni hennar. Jafnframt fylgir félagið lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem tryggir ábyrga meðferð

viðkvæmra upplýsinga. Með þessari breytingu fylgir félagið góðum stjórnarháttum, dregur úr áhættu og eykur traust hluthafa og annarra hagsmunaaðila til starfskjarastefnunnar.

Breytingar á 9. gr.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði breyting á 9. gr. starfskjarastefnu félagsins þannig að bætt verði við tveimur nýjum málsgreinum. Annars vegar að starfskjarastefnan verði bindandi fyrir stjórn félagsins hvað varðar kaupréttarsamninga og greiðslur sem fylgja þróun hlutabréfaverðs og hins vegar að kveðið verði á um skyldu til að birta stefnuna á heimasíðu félagsins á meðan hún er í gildi.

Að kveða á um að starfskjarastefnan sé bindandi fyrir stjórn félagsins varðandi kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur sem fylgja þróun hlutabréfaverðs er í samræmi við löggjöf og krefst því ekki sérstakra skýringa. Gildandi starfskjarastefna er þegar birt á heimasíðu félagsins og ákvæði um skyldu til birtingar er í raun aðeins formfesting á núverandi framkvæmd.

8. Tillaga um skipun nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Stjórn félagsins leggur til að aðalfundur félagsins staðfesti skipun nefndarmanna, sem stjórn skipaði á stjórnarfundi í félaginu þann 3. mars 2025, til setu í tilnefningarnefnd félagsins en það eru Auður Þórisdóttir, endurskoðandi, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, lögfræðingur og Hilmar G. Hjaltason, ráðgjafi.

Greinargerð stjórnar með tillögu um tilnefningu aðila í tilnefningarnefnd:

Samkvæmt 3. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar, skal nefndin skipuð þremur mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Nefndarmenn skulu vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess og ekki sitja í stjórn þess. Mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. starfsreglnanna að stjórn skuli með aðalfundarboði leggja fram tillögu um staðfestingu á skipan nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Lýtur tillaga stjórnar Reita fasteignafélags hf. til aðalfundar 2025 að því að Auður Þórisdóttir, endurskoðandi, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, lögfræðingur og Hilmar G. Hjaltason, ráðgjafi, verði kjörin í tilnefningarnefnd félagsins.

Vakin er athygli á að hluthafar hafa jafnframt tillögurétt að skipan nefndarmanna og skulu slíkar tillögur sendar skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, sbr. 2. mgr. 3. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar. Séu tilnefndir fleiri en þrír einstaklingar til setu í tilnefningarnefnd skal fara fram kosning á aðalfundi.

Nánari upplýsingar um þá einstaklinga sem tilnefndir eru samkvæmt tillögu stjórnar er að finna hér að neðan.

Auður Þórisdóttir

Auður Þórisdóttir er löggiltur endurskoðandi og hefur starfað hjá KPMG frá árinu 1987, þó með hléum. Hún var sviðsstjóri endurskoðunarviðs KPMG á Íslandi árin 2006 til 2013 og ber í dag ábyrgð á áhættustýringu og óhæðismálum hjá félaginu, síðan 2013.

Auður hefur auk þess viðtæka reynslu af endurskoðun á skráðum félögum, félögum með flókin upplýsingatæknikerfi, samstæðum, alþjóðlegum viðskiptavinum og félögum sem gera upp samkvæmt IFRS. Hún hefur m.a. verið endurskoðandi Icelandair Group hf., Actavis Group hf., Eik

fasteignafélags hf., HB Granda hf. og var endurskoðandi Landsvirkjunar hf. fyrir árin 2011 til 2013.

Þá hefur Auður verið virk í starfi Félags löggiltra endurskoðenda og setið í stjórn félagsins.

Auður hefur ekki átt sæti í tilnefningarnefnd Reita áður.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Berglind Ósk Guðmundsdóttir er lögmaður og starfaði hjá KPMG um tíu ára bil. Þá var hún um tíma verkefnastjóri hjá hugbúnaðar- og þekkingarfyrirtækinu Azano, sem hefur meðal annars þróað stjórnarvefgáttina AZAZO BoardMeetings sem fjölmörg íslensk fyrirtæki nýta sér. Þá hefur hún setið í stjórn Almenna leigufélagsins og stjórn Ölgerðar Egils Skallagrímssonar, auk þess að vera sjálfstætt starfandi ráðgjafi.

Berglind hefur aðstoðað fjölmörg fyrirtæki við að bæta stjórnarhætti sína. Þá var hún ritstjóri Handbókar stjórnarmanna og hefur annast fræðslu fyrir stjórnarmenn. Berglind lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2005 og fékk réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 2008.

Berglind hefur setið í tilnefningarnefnd Reita frá árinu 2020.

Hilmar Garðar Hjaltason

Hilmar Garðar Hjaltason er ráðgjafi og einn af eigendum Vinnvinn, sem er fyrirtæki á sviði ráðninga og ráðgjafar, en Hilmar hefur starfað við ráðningar frá árinu 1998. Hans sérsvið er stjórnendaleit og mönnun stjórnna. Hilmar hefur byggt upp gríðarlega gott tengslanet og mikla reynslu á markaði. Hann hefur áunnið sér góð tengsl við íslenska stjórnendur og fagfjárfesta sem eru að leita að stjórnendum.

Hilmar hefur starfað fyrir fjöldann allan af fyrirtækjum í öllum atvinnugeirum og á opinberum markaði, komið að ráðningum forstjóra og lykilstjórnenda margra stærstu fyrirtækja landsins og ráðningu starfsmanna í stærri sem minni fyrirtækjum. Þá hefur Hilmar mikla reynslu af vinnu fyrir stór íslensk fyrirtæki á alþjóðamörkuðum.

Hilmar hefur setið í tilnefningarnefnd Reita frá árinu 2021.

9. Tillaga um kosningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd

Stjórn félagsins leggur til að aðalfundur félagsins kjósi Helgu Harðardóttur, löggiltan endurskoðanda, sem utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd.

Greinargerð stjórnar með tillögu um kosningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd

Þann 31. janúar 2024 voru samþykktar breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, sem leiddu til þess að inn kom nýtt ákvæði í 108 gr. a. sem segir að sé nefndarmaður utanaðkomandi aðili skuli hann vera tilnefndur af aðalfundi.

Stjórn Reita leggur því til að Helga Harðardóttir, löggiltur endurskoðandi, sem hefur verið í nefndinni frá árinu 2015, verði kosin af aðalfundi Reita til áframhaldandi setu í nefndinni.

Helga Harðadóttir

Helga hefur verið löggiltur endurskoðandi frá árinu 2008, en hún útskrifaðist með B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2002 og tók lokaár í viðskiptafræði á endurskoðunarsviði í Háskóla Íslands 2002 – 2003.

Hún starfar hjá endurskoðunarfyrirtækinu KADE slf. þar sem hún er eigandi, og gegnir jafnframt stöðu framkvæmdastjóra hjá félaginu Alfa hf. Hún var eigandi endurskoðunarfyrirtækisins BDO ehf. á árunum 2010–2017, en var áður eigandi hjá PricewaterhouseCoopers ehf.

Hún hefur verið í endurskoðunarnefnd Reita frá því á árinu 2015. Hún sat í endurskoðunarnefnd Félags löggiltra endurskoðenda 2008–2012 þar af sem formaður 2011–2012, og hefur kennt m.a. rekstrarbókhald og skattskil í HR og endurskoðun í HÍ.

10. Tillaga um endurskoðanda eða endurskoðunarfélag.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að Deloitte ehf. verði kosið sem endurskoðunarfélag Reita fasteignafélags hf.

11. Ákvörðun um laun stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir komandi starfsár

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að stjórnarlaun fyrir komandi starfsár verði sem hér segir:

Stjórnarlaun verði 440.000 kr. á mánuði og laun stjórnarformanns verði tvöföld stjórnarlaun. Þóknun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd verði 110.000 kr. á mánuði og þóknun formanns nefndarinnar verði 180.000 kr. á mánuði. Þóknun nefndarmanna í starfskjaranefnd verði 60.000 kr. á mánuði og þóknun formanns nefndarinnar verði 100.000 kr. á mánuði. Fyrir störf í tilnefningarnefnd fái nefndarmenn greiddar 900.000 kr. fyrir starfsárið, en formaður fái greiddar 1.350.000 kr. fyrir starfsárið.

Greiðslur til endurskoðenda skulu vera samkvæmt reikningi.